

Fundargerð fjallskilanefndar Eyja og Miklaholtshrepps 26. ágúst 2015 haldinn að Breiðabliki.

Mættir. Svanur Guðmundsson, Sigurbjörn Magnússon, Guðbjartur Gunnarsson og Eggert Kjartansson sem ritaði fundargerð. Halldór Jónsson boðaði forföll.

Formaður setti fund og stjórnaði honum.

1. Mál. Ákveðin tilhögun fjallskila. Eftirfarandi var ákveðið á grundvelli fjárfjölda Fjallskilaskildar eru 1890 kindur, eða um 48 fullorðnar kindur á bak við dagsverkið. Einungis eru lögð á dagsverk vegna útrétta, réttaviðgerða og eyði eða búlausra jarða sem eiga fjallendi. Lagt er 1 dagsverk á eigendur slíkra jarða en önnur dagsverk lögð á fjáreigendur sem eiga fé sitt á fjalli. Ábúendur jarða skulu að öðru leiti smala sín heimalönd og koma óskilafé í tæka tíð til réttar eða í safngirðingar. Því er treyst að landeigendur/ábúendur leysi ofangreind verk vel og samviskusamlega af hendi og stuðli þannig að því að fé komist í hendur réttra eigenda.
2. Mál. Málefni lögrétta. Ákveðið að fá fagmann til að meta ástand Langholtsréttar en nefndin hittist í Þverárrétt til að skoða og meta hvað best er að gera. Oddvita og réttarstjóra falið að kalla nefndina saman

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.